

Skólaráðsfundur 22.05.2025

Mættir: Bylgja skólastjóri, Kolbrún Ósk fulltrúi kennara, Embla Ósk og Guðný Björg fulltrúar nemenda, Guðlaug Stefanía fulltrúi almenns starfsfólks, Margrét fulltrúi grenndarsamfélags, Elsa Marta og Arnar Geir fulltrúar foreldra.

1. mál – niðurstöður starfsmannakönnunar

Síða skólapúlssins liggur niðri.

2. mál – farsældin

Skólastjóri segir frá samþættingu og farsældinni. Astrid er tengiliður skólans, foreldrar geta leitað aðstoðar í gegnum tengilið. Skólinn þarf að fylla út mat á því hvar skólinn stendur varðandi farsældina.

3. mál – næsta skólaár

Búið að manna stöður, það var auglýst eftir kennurum og sérfræðingi. Skólastjóri segir frá reglum um auglýsingar á stöðum.

4. mál – endurmenntun

Sagt frá endurmenntun sem er verið að sinna. Hafdís á fræðsluviði hefur sótt um styrki sem munu nýtast í endurmenntun. Einnig varðandi útikennslusvæði í gryfjunni. Það verður námsferð starfsfólks á næsta skólaári. Ferðanefnd er að skoða ferð sem verður í lok apríl 2026.

5. mál – fréttir úr starfinu

Matsferill – breytingar á mati á næsta skólaári þá verða lögð fyrir stöðu- og framvindupróf í lesskilningi og stærðfræði fyrir í 4., 6. og 9. bekk.

Árshátíðir gengu rosalega vel. Allt til fyrirmyndar.

Sumarfrístund verður aftur, reyndist vel í fyrra.

Skólamatur, það er og verður enn frír hádegismatur en það þarf enn þá að skrá börn og þau stimpla sig í mat.

Ráðstefna um menntun í náttúruvísindum gekk vel, fullt af sérfræðingum sem mættu.

Tónlistarskólinn var með vortónleika á sal skólans, þeir gengu vel.

Útskrift nemenda leikskólans er í dag á sal skólans.

Skólalíkan vinna sem fer fram með skólastjórnendum og starfsfólki Suðurnesjabæjar

6. mál – foreldrafélagið

Búið að kaupa inn podcast græjur og pool borð sem er komið í notkun. Páskaföndur var vel sótt. Grillið framundan. Pulsurnar verða teknar í gegnum skólamat. Flottur vetur.

7. mál – nemendaráð

Gáfu út skólablaðið. Fóru í árlega óvissuferð til að enda skólaárið.

8. mál – önnur mál

Fáir starfsmenn eru að hætta. Nokkrir hafa verið og eru að halda áfram í fæðingarorlof.

Á döfinni eru vorferðir, skólarokk, sumarhátíð og skólaslit.

Næsti fundur verður 20. ágúst.